

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breytingu í þeim lögum nr. 62 21. maí 1979 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. janúar 1980, jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 160/1979 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 6. desember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Páll Sigurðsson.*

**SAMÞYKKT**

**um breyting á samþykkt um hundahald í Skútustaðahreppi nr. 216/1978.**

## 1. gr.

2. gr. c liður orðist svo:

Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, er hefur fullt vald yfir honum. Sveitarstjórn getur heimilað frávik frá þessari málsgrein varðandi þá hunda, sem voru hinn 1. nóvember 1979 í eigu einstaklinga búsettra í hreppnum.

Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þótt í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús, leikvelli eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.

## 2. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Skútustaðahrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 5. desember 1979.*

**F. h. r.**

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**AUGLÝSING**

**um gjaldskrá fyrir afnotagjöld og auglýsingar Ríkisútvarpsins.**

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir síðari helming árs 1979 hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald hljóðvarpstækja .....	kr. 7 000.—
Afnotagjald svart/hvítra sjónvarpstækja .....	— 14 700.—
Afnotagjald litsjónvarpstækja .....	— 19 500.—